



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. júní 2025
USK24100004

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 18. júní 2025 varðandi eftirfarandi mál:

Borgartúnsreitur - Breyting á deiliskipulagi - Bríetartún 3-5

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Freys Frostasonar, dags. 1. október 2024, um breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vegna lóðarinnar nr. 3-5 við Bríetartún. Í breytingunni sem lögð er til felst að byggingarreitur er stækkaður til norðurs og nýtingarhlutfall aukið, heimilt verður að bæta tveimur hæðum ofan á núverandi heimildir á norðausturhluta lóðar, bílastæðum er fækkað um 22 stæði og verða engin bílastæði ofanjarðar á lóð, en við ákvörðun um fjölda bílastæða er farið eftir bíla- og hjólastæðareglum borgarinnar, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdri. THG arkitekta, dags. 3. desember 2024, br. 14. apríl 2025. Tillagan var auglýst frá 9. janúar 2025 til og með 20. febrúar 2025. Athugasemdir og umsögn bárust. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 5. júní 2025.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslag nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2025.

Vísað til borgarráðs.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokkks Íslands, Flokks fólksins og áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna:


Óskað er eftir að bygginganefndateikningar verði lagðar fyrir umhverfis- og skipulagsráðs fyrir samþykkt teikninga. Sér í lagi af því hvernig tryggja eigi að vindáhrif verði ekki neikvæð á umhverfið.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Framsóknarflokksins:


Framsókn fagnar fyrirhugaðri uppbyggingu í Bríetartúni þar sem háreist hótel um prýða nærliggjandi umhverfi. Háreistar byggingar eiga vel við á þessu svæði og því tilvalið að halda áfram þeirri uppbyggingu. Bríetartún og nærliggjandi götur eru mjög hentugar fyrir hótel og veitinga starfssemi, sem býður upp á að dreifa ferðamannastráumínnum á önnur svæði í Reykjavík.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: Deiliskipulags- og skýringaruppdættir THG arkitekta, dags. 3. desember 2024, br. 14. apríl 2025 og umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 5. júní 2025.



SNID A-A




Skuggavarp 21. júní

Gildandi skipulag



Skuggavarp 21. júní kl. 09:00


Breytingartillaga



Skuggavarp 21. júní kl. 09:00


Skuggavarp jafndægur.

Gildandi skipulag




Skuggavarp jafndægur kl. 09:00

Breytingartillaga



Skuggavarp jafndægur kl. 09:00



Skuggavarp 21. júní kl. 13:00




Skuggavarp 21. júní kl. 13:00




Skuggavarp 21. júní kl. 13:00

Skuggavarp jafndægur kl. 13:00




Skuggavarp jafndægur kl. 13:00



Skuggavarp 21. júní kl. 17:00




Skuggavarp 21. júní kl. 17:00




Skuggavarp 21. júní kl. 17:00


Skuggavarp jafndægur kl. 17:00




Skuggavarp jafndægur kl. 17:00



Skuggavarp 21. júní kl. 19:00



Skuggavarp 21. júní kl. 19:00



Skuggavarp 21. júní kl. 19:00

Skuggavarp jafndægur kl. 19:00



Skuggavarp jafndægur kl. 19:00



14.04.25 Veitur afsala sér bortholu H-16 til loðbarhafa FF GVM
Útg. Dags. Skýring Yf.af: Br.af:

BRIETARTÚN 3-5
TILLAGA AD BREYTTU DEILISKIPULAGI
Skýringamynnd skuggavörp

Teiknað af: SG/GVM Dagsetning: 03.12.2024
Yfirfaríð af: FF Mælikvarði:

Halldeyr Guðmundsson
Freyr Frostason
Óður Kr. Finnbjörnsson
Paðar Giuffrancisco
Ragnar Auðunn Birgisson

THG ARKITEKTAR Faxafon 9, 108, Reykjavík, tel: 440703 - 2590
Verknúmer Númer Útgáfa
Upphafleg blaðaústarið A1
17-025-01 04-03


Skuggavarp 21. júní

Gildandi skipulag



Skuggavarp 21. júní kl. 09:00

Breytingartillaga



Skuggavarp 21. júní kl. 09:00

Skuggavarp jafndægur.

Gildandi skipulag



Skuggavarp jafndægur kl. 09:00

Breytingartillaga



Skuggavarp jafndægur kl. 09:00




Skuggavarp 21. júní kl. 13:00



Skuggavarp 21. júní kl. 13:00



Skuggavarp jafndægur kl. 13:00



Skuggavarp jafndægur i kl. 13:00



Skuggavarp 21. júní kl. 17:00



Skuggavarp 21. júní kl. 17:00



Skuggavarp jafndægur kl. 17:00



Skuggavarp jafndægur kl. 17:00



Skuggavarp 21. júní kl. 19:00



Skuggavarp 21. júní kl. 19:00



Skuggavarp jafndægur kl. 19:00



Skuggavarp jafndægur kl. 19:00

14.04.25 Veitur afsala sér borthol H-16 til loðarhafa FF GVM

Útg. Dags. Skýring Yf.af: Br.af:

BRIETARTÚN 3-5

TILLAGA AD BREYTTU DEILISKUPULAGI

Skýringamynd skuggavörp


Teiknað af: SG/GVM Dagsetning: 03.12.2024
Yfirfaríð af: FF Mælikvarði:

Halldór Guðmundsson
Freyr Frostason
Óður Þ. Finnbjörnsson
Paolo Giannfrancesco
Ragnar Áuliunn Birgisson


THG ARKITEKTAR Faxafln 9 108, Reykjavík, tel: 440703 - 2590
Upphafleg blaðaðastarf A1

17-025-01 04-04

Verknunar Númer Útgáfa




Styrkleikar vindar




Styrkleikar vindar

0 m/s
1 m/s
2 m/s
3 m/s
4 m/s
5 m/s
6 m/s
7 m/s
8 m/s



Hentugar athafnir fyrir eftirfarandi vindstyrkleika,
mælt í mannshæð. LAWSON LDDC




Hentugar athafnir fyrir eftirfarandi vindstyrkleika,
mælt í mannshæð. LAWSON LDDC

Kýrseta
Standandi
Rólegar hreyfingar
Göngutúr
Óþægilegt til athafnar




Likan af breytingartilögu, horft í suðurátt.




HLUTI AF ADALSKIPULACI REYKJAVÍKUR 2040
STADSETNING SVÉDISINS



Likan, aðalningangur byggingar séð frá Brietartún.



Likan af breytingartilögu horft yfir þaksvalr.



Likan horft í norðausturátt yfir Brietartún.



Likan af tillögu sýnir göngustig á milli Brietartún 3-5 og 7. Hægt er að gera ráðstafanir til að dragar en frekar úr vindáhrifum við hönnun byggingar. Til dæmis með svölum, útskotsgluggum eða uppbroti í klæðninginu.



Likan af tillögu sýnir göngustig á milli Brietartún 3-5 og 7. og bakhlö byggingar. Mælt er með að grðóðuselja trú þar sem því verður við komið til að auka á veðursarsleg gæði.

14.04.25 Veitur afsala sér borholu H-16 til loðarhafa FF GVM
Útg. Dags. Skýring Yf.af: Br.af:

BRIETARTUN 3-5
TILLAGA ÁB BREYTTU DEILISKIPULAGI

Likan byggingarmassi og
vindgreining

Teiknað af: SG/GVM Dagsetning: 03.12.2024
Yfirlarfið af: FF Mælikvarði:

Háldei Guðmundsson
Freyr Frostason
Ödður Kr. Finnbjarnarson
Páði Giuffrénarson
Ragnar Auðunn Birgisson

THG ARKITEKTAR Upphafleg blaðaðstærð: A1
Faxafon 9 108, Reykjavík. kt: 440703 - 2590
Verknúmer Númer Útgáfa

17-025-01 04-05



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2025

Efni: Umsögn Veitna vegna breytinga á deiliskipulagi Borgartúnsreitar – Bríetartún 3-5
Mál 16 /2025

Veitur hafa kynnt sér breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreitar – Bríetartún 3-5

Í breytingunni sem lögð er til felst að byggingarreitur er stækkaður til norðurs og nýtingarhlutfall aukíð, heimilt verður að bæta tveimur hæðum ofan á núverandi heimildir á norðausturhluta lóðar, bílastæðum er fækkað um 22 stæði og verða engin bílastæði ofanjarðar á lóð

Veitur hafa farið yfir fyrirliggjandi tillögu að deiliskipulagsbreytingu við Borgartúnsreit – Bríetartún 3-5 og viljum koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að innan byggingarreitsins sé borhola (mælihola) H-16. Nauðsynlegt er að tryggja aðgengi að holunni til mælinga í framtíðinni. Í tillögunnni er gert ráð fyrir byggingarreit þar sem borholan er staðsett, og því er brýnt að tryggja að mælingarbílar geti komist að holunni án hindrana.

Til að hægt sé að nýta holuna til mælinga þarf að tryggja eftirfarandi skilyrði:

- Mælingarbílar, sem eru 8,4 metrar að lengd, þurfa greiðan aðgang að holunni.
- Við mælingar þarf að vera 5 metra bil frá holutoppi til að hægt sé að vinna við hana.
- Til að koma mælitækjum í holuna þarf 8 metra fríhæð fyrir ofan hana.

Varðandi útfærslu á aðkomu og frágangi umhverfis borholuna þarf að hafa samráð við Veitur. Mikilvægt er að þetta samráð fari fram á skipulagsstigi til að tryggja aðgengi og rekstraröryggi borholunnar til framtíðar. Við leggjum áherslu á að þessum atriðum verði komið inn í skipulagstillöguna til að tryggja að mælingar í borholunni geti farið fram án hindrana.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir



Athugasemd vegna breytingar á deiliskipulagi Brétartúns 3-5

FSRE fer með umsjón eignanna Þórunnartúns 6 og Brétartúns 7 fyrir hönd Ríkissjóðs. Leigjandi eignanna er Ríkisendurskoðun. FSRE er uppálagt að tryggja gott vinnuumhverfi í eignum sínum í samræmi við einkunnarorð stofnunarinnar, *aðstaða í allra þágu*.

Athugasemdir FSRE vegna breytinga deiliskipulagsins fyrir Brétartún 3-5 snúa helst að:

- Áhrifum hækkaðrar byggingar á birtuskilyrði.
- Áhrifum hækkaðrar byggingar á vindskilyrði.
- Áhrifum aukinnar nýtingar á aðgengismál og umferð.
- Áhrifum framkvæmdar á öryggi og nýtingu aðliggjandi lóða.

Megineinkenni breytingarinnar er hækkun og stækken hæsta hluta byggingarinnar sem lögð er til. Sökum mikillar nálægðar og staðsetningar á austurhlið byggingareitsins er ljóst að áhrifanna gætir að öllu leyti út fyrir lóðina Brétartún 3-5 síðdegis. Nú þegar tekur hótelturninn við Þórunnartún 1 morgunsólinu að mestu. Með óbreyttri hæð og flutningi hækkunarinnar að vesturhorni lóðarinnar hefði mögulega mátt hlífa umhverfinu við skuggavarpinu sem af byggingunni hlýst. Óvist er að sjáist til himins úr gluggum skrifstofa Ríkisendurskoðunar sökum nálægðar og hæðar byggingarinnar og er það miður.

Greiningar á vindafari sýna að búast má við lítillega auknum vindum miðað við nágildandi skilmála. Með hliðsjón af áhrifum vinda á þessu svæði er um viðkvæmt mál að ræða. Fram kemur að skila skuli vindgreiningum með aðaluppdráttum og að byggingaraðila sé skylt að hanna með það að markmiði að lágmarka vindáhrif og koma í veg fyrir að þau aukist. Mikilvægt er að þessar heimildir séu nýttar til hins ýtrasta í samræmi við þarfir og gripið til þeirra mótvægisæðgerða sem þörf er á.

Nú þegar einkennist umferð á svæðinu mjög af umferð ferðamanna í rútum enda eru þegar tvö stór hótel við Þórunnartún. Þá liggur fyrir að á norðurhlið götureitsins við Borgartún er fyrirhugað enn annað hótel. Þessi mál eru afgreidd með orðunum *ekki er gert ráð fyrir því að rútur stoppi fyrir framan lóðina í Brétartúni heldur skal nýta safnstæðið fyrir hópbifreiðar sem staðsett er við Þórunnartún*. Ekkert liggur fyrir um hvernig þetta skilyrði verði ávarpað í hönnun eða skiltum við Brétartún. Þá er í raun óljóst hvort stæðið við Þórunnartún beri þessa viðbótarumferð sem þegar er töluverð á álagstínum. Betur mætti huga að umferðarskipulagi reitsins í heild og áhrifum uppbyggingarinnar á umferð í Þórunnartúni.

Ganga þarf á eftir að gönguleið um svæðið sé sannarlega útfærð og framkvæmd. Enn hefur ekki tekist að framfylgja ákvæðum hins upprunalega deiliskipulags frá 2004 um að gönguleið sé aðgengileg á lóð Þórunnartúns 4 og því hræða sporin í þeim efnunum. Huga mætti að því hvort líklegt sé a framkvæmdirnar kalli á breytingar á gangstéttum við Brétartún og skipuleggja framkvæmdir þar svo best verði á kosið.



Nú er ljóst að framkvæmdasvæðið mun liggja mjög nærrí lóðamörkum og kann að hindra aðgengi Ríkisendurskoðunar að sinni lóð á framkvæmdartíma. Áhætta af foktjóni, hruni, ryki og málningaráða svo eitthvað sé nefnt er töluverð í svo miklu návígí. Ófært er að sá sem kunni að verða fyrir skaða beri allan þunga af fyrirhyggju í þeim efnum. Ekkert liggur fyrir um skyldur framkvæmdaraðila í því að tryggja að umsvif sín valdi ekki skaða eða gerð tilraun til að ávarpa valkosti komi til þess að aðliggjandi lóðir verði ónothæfar á framkvæmdatíma. Til samanburðar liggja fyrir nokkuð skýr fyrirmæli um meðhöndlun fornminja þótt ákvæði laga þar að lútandi séu skýr. Framkvæmdaraðili verður t.d. að vera undir það búinn að hafa frumkvæði að því að útvega aðra valkosti fyrir bílastæði Ríkisendurskoðunar og greiða fyrir að fullu.

Virðingarfyllst,
f.h. FSRE

Sverrir Bollason

RÍKISENDURSKOÐUN

Reykjavík, 19. febrúar 2025

Borgartúnsreitur – Breyting á deiliskipulagi – Bríetartún 3-5

Aðalskrifstofa Ríkisendurskoðunar er að Bríetartúni 7 og leigir embættið eignina af FSRE. Embættið tekur að öllu leyti undir þær athugasemdir sem FSRE hefur komið á framfærni í tengslum við fyrirhugaða breytingu á deiluskipulagi með bréfi dags. 18. febrúar 2025. Jafnframt vill Ríkisendurskoðun áréttu eftirfarandi sjónarmið:

Umferð, aðgengi og umgengni á byggingartíma

Framkvæmdum mun óhjákvæmilega fylgja verulegt rask fyrir starfsemi Ríkisendurskoðunar, m.a. í formi hávaða, hristings, óhreininda, umferðar og mögulegrar takmörkunar á aðgengi að umráðasvæði embættisins. Vegna aðstæðna á staðnum verður að gera ráð fyrir að byggingarframkvæmdum muni fylgja sprengingar og brot með tilheyrandi ónæði og hættu á tjóni.

Að mati Ríkisendurskoðunar verður að leggja þannig skyldur á byggingaraðila að framkvæmdir valdi ekki tjóni og að tilhlýðilegt tillit verði tekið til hagsmunu á aðliggjandi lóð Bríetartúns 7. Þar er Ríkisendurskoðun m.a. með 13 bílastæði upp við hið fyrirhugaða framkvæmdasvæði og fjögur bílastæði til viðbótar á aðliggjandi lóð á milli Þórunnartúns 4 og 6. Komi til þess að aðgengi eða nýting á þessum bílastæðum skerðist er um alvarlega röskun að ræða fyrir starfsemi embættisins. Að mati Ríkisendurskoðunar verður þá að tryggja embættinu aðra raunhæfa valkosti fyrir bílastæði starfsfólks. Jafnframt verður að tryggja að almennt aðgengi fyrir starfsfólk og gesti embættisins að Bríetartúni 7 sé greitt og snyrtilegt.

Umhverfi, umferð og aðgengi þegar fyrirhuguð bygging er risin

Fyrir liggur að hin fyrirhugaða bygging mun hafa nokkuð neikvæðar afleiðingar hvað varðar umhverfi Ríkisendurskoðunar að Bríetartúni 7, ekki síst hvað varðar útsýni, birtuskilyrði og vindáhrif. Að þessu leyti telur Ríkisendurskoðun fyrirhugaða hækjun byggingar á norðausturhluta lóðarinnar að Bríetartúni 3-5 óæskilega.

Embættið gerir alvarlegar athugasemdir við fækkun bílastæða á svæðinu sem nái í dag hvorki að fullnægja þörfum íbúa né þeirrar starfsemi sem fyrir er. Að óbreyttu þrengja þessi áform verulega að fyrirliggjandi starfsemi, hvað þá þegar hin fyrirhugaða bygging er komin í notkun. Í gögnum kemur fram að um fjölda bílastæða fari eftir bíla- og hjólastæðareglum borgarinnar en þær reglur eru því miður í engu samræmi við þarfir svæðisins. Jafnframt kemur fram að allar hópbifreiðar skuli nýta safnsvæðið við Þórunnartún, en ekki stoppa við hina nýja byggingu. Að því marki sem hægt er að segja að nokkurt "safnsvæði" fyrir hópferðarbíla sé við Þórunnartún má ljóst vera að það er fjarri því að þjóna þeirri starfsemi sem þegar er á svæðinu, hvað þá þeirri sem fyrirhuguð er. Umferð um Þórunnartúnið er oft mjög erfið og teppt vegna umsvifa fjölda hópferðarbíla og er fyrir vikið hættuleg gangandi vegfarendum sem fara yfir götuna. Er ástæða til að vara við því að með fyrirhugaðri nýbyggingu og umsvifum sem henni fylgja mun

RÍKISENDURSKOÐUN

umferð um bæði Þórunnartúnið og Bríetartúnið sérstaklega aukast, hvað sem óskhyggju skipulagsyfirvalda Reykjavíkurborgar líður. Af þessu mun leiða vandi þar sem þegar hefur verið þrengt mjög að umferð við vesturenda Bríetartúns með breytingum við Rauðarárstíg og Borgartún/Snorrabraut. Óhjákvæmilega mun slíkt hafa neikvæð áhrif á aðgengi að aðalskrifstofu Ríkisendurskoðunar.

Virðingarfyllst,

Guðmundur B. Helgason
ríkisendurskoðandi

Björn Gunnar Birgisson

Umsögn birt **19.01.2025**

Það er leitt að sjá að harðlínustefna Borgarinnar varðandi bílastæðafjölda er að eyðileggja heilu hverfin og m.a. Borgartúnið. Nú þegar geta fyrirtæki ekki fengið viðskiptavini í heimsókn án vandræða með bílastæði og þurfa stórfyrirtæki því að færa sig til annarra sveitarfélaga til þess að geta haldið úti eðlilegri starfsemi. Það hefði verið gullið tækifæri að fjölga bílastæðum neðanjarðar í þessari lotu sem gæti einnig nýst öðrum fyrirtækjum í nágrenninu og þar með létt á bílastæðaskorti hverfisins. Borgin er ekki með neinar raunhæfar lausnir í staðinn og verður Borgarlína t.d. enn verri þjónusta fyrir Borgartúnið en nú er.



Reykjavík, 5. júní 2025
USK24100004

Breyting á deiliskipulagi Borgartúnsreits 1.220.0 vegna Brétartúns 3-5


Athugasemdir og svör

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Freys Frostasonar, dags. 1. október 2024, um breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vegna lóðarinnar nr. 3-5 við Brétartún. Í breytingunni sem lögð er til felst að byggingarreitur er stækkaður til norðurs og nýtingarhlutfall aukið, heimilt verður að bæta tveimur hæðum ofan á núverandi heimildir á norðausturhluta lóðar, bílastæðum er fækkað um 22 stæði og verða engin bílastæði ofanjarðar á lóð, en við ákvörðun um fjölda bílastæða er farið eftir bíla- og hjólastæðareglum borgarinnar, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdri. THG arkitekta, dags. 3. desember 2024.

Tillagan var auglýst frá 9. janúar 2025 til og með 20. febrúar 2025. Athugasemdir og umsögn bárust.



AR2040



Breytingartillaga

Samantekt athugasemda og svör skipulagsfulltrúa

Athugasemdir varðandi bílastæðamál og rými fyrir hópbifreiðar

Gerð er athugasemd við bílastæðafjölda á lóðinni. Nú þegar geti fyrirtæki ekki fengið viðskiptavini í heimsókn án vandræða með bílastæði. Tækifæri hefði verið til þess að fjölga bílastæðum neðanjarðar sem gætu einnig nýst öðrum fyrirtækjum í nágrenninu og þar með létt á bílastæðaskorti.



Þá er bent á að umferð um Þórunnartúnið sé nú þegar oft erfið og teppt vegna fjölda hópferðabíla. Óljóst sé hvort númerandi rútustæði við Þórunnartún beri þá viðbótarumferð sem uppbyggingin hefur í för með sér, en hún sé þegar töluverð á álagstínum og sé fyrir vikið hættuleg gangandi vegfarendum.

Svar skipulagsfulltrúa

Bríetartún 3-5 er staðsett í u.b.b. 150 m fjarlægð frá Hlemmi sem verður ein af kjarnastöðvum borgarlínu og þannig með mjög hátt þjónustustig almenningssamgangna. Bílastæðafjöldinn á lóðinni samræmist bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar og gert er ráð fyrir samnýtingu bílastæða milli hótels og húss Frímúrarareglunnar á sömu lóð.

Safnstæði fyrir hópbifreiðar voru sett upp í tengslum við það að bann var sett á akstur stærri ökutækja á svæði í og við miðborgina. Safnstæðið við Þórunnartún er annað stærsta safnstæðið í Reykjavík, en þar eru stæði beggja vegna götunnar. Stæðið er vel notað í dag, en þótt uppbygging verði á hótelrýmum á svæðinu telur samgöngustjóri að akstur tengdum þeim muni ekki aukast í sama hlutfalli. Til lengri tíma er stefnt að því að byggja samgöngumiðstöð í eða við miðborgina með mjög góðri tengingu við nýtt hágæðakerfi almenningssamgangna, og á eftir að meta það hvaða áhrif sú uppbygging hefur á safnstæðin og notkun þeirra.


Athugasemdir varðandi birtu- og útsýnisskerðing vegna hækkunar

Aðalskrifstofa Ríkisendurskoðunar er til húsa að Bríetartúni 7 og leigir eignina af FSRE. Athugasemdir FSRE og Ríkisendurskoðunar snúa m.a. að áhrifum hækkaðrar byggingar á birtuskilyrði og útsýni. Hækkunin er talin óæskileg og að óvist sé að hægt verði að sjá til himins úr gluggum skrifstofa Ríkisendurskoðunar sökum nálægðar og hæðar byggingarinnar. Mikilvægi þess að skila inn vindgreiningum með aðaluppdráttum er undirstrikað og að skoða þurfi vel vindafar til þess að lágmarka vindáhrif.

Svar skipulagsfulltrúa

Rétt er að tillagan hafi í för með sér einhverjar breytingar á útsýni úr þeim skrifstofurýmum Bríetartúns 7 sem snúa að inngarði til vesturs, en fyrirhuguð byggð er staðsett norðvestan við skrifstofubygginguna og varpar þannig ekki auknum skugga á hana, nema að einhverju leyti eftir kl. 18.00 eins og fram kemur á skuggavarpsmyndum. Við mat skipulagsfulltrúa á tillöggunni skiptir máli að ekkert íbúðarhúsnæði er á götureitnum, að undanskildum fjórum íbúðum á efstu hæð hússins við Borgartún 6. Tillagan hefur ekki áhrif á sólar- og birtuskilyrði þessara íbúða.

Skilmálar skilyrða frekari vindgreiningar á byggingarnefndarstigi, enda mikilvægt að tryggja skjól í göturýminu og inni á lóðum. Þá þarf einnig að gera grein fyrir mótvægisáðgerðum sé þeirra þörf.



Gildandi skýringarmynd (vinstri) og breytingartillaga (hægri) séð frá Bríetartúni

Athugasemdir varðandi aögengi og rask á framkvæmdatíma

Framkvæmdum muni óhjákvæmilega fylgja verulegt rask fyrir starfsemina. Gera verði ráð fyrir að byggingarframkvæmdum muni fylgja sprengingar og brot með tilheyrandi ónæði og hættu á tjóni. Þannig skyldur verði að leggja á byggingaraðila að framkvæmdir valdi ekki tjóni og að tillit verði tekið til hagsmuna á aðliggjandi lóð Bríetartúnus 7.

Ríkisendurskoðun er m.a. með 13 bílastæði upp við hið fyrirhugaða framkvæmdasvæði og fjögur bílastæði til viðbótar á aðliggjandi lóð á milli Þórunnartúnus 4 og 6.

Skert aögengi að þessum stæðum myndi valda verulegu raski á starfsemi embættisins. Tryggja yrði embættinu aðra raunhæfa valkosti fyrir bílastæði starfsfólks auk þess að tryggja almennt aögengi fyrir starfsfólk og gesti.

Svar skipulagsfulltrúa

Í deiliskipulagi eru skilgreindar heimildir fyrir uppbyggingu og framkvæmdum, hvernig þær falla að landnotkun á tilteknu svæði o.s.frv. Í byggingarleyfi er tekin afstaða til brunaöryggis, aögengismála og atriða sem varða hávaða og ónæði, sbr. byggingarreglugerð nr. 112/2012. Að öðru leyti ber verktaki ábyrgð á framkvæmdum og gilda þar almennar reglur um skaðabótarétt.

Í gildi er samþykkt borgarráðs frá 1. september 1998 sem kveður á um að utanhúss- og lóðarfrágangi skuli vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlöögðum dagsektum sbr. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Framkvæmdum mun ávallt fylgja eitthvert rask á meðan þær standa yfir en framkvæmdaaðili þarf að uppfylla kröfur um öryggi á vinnusvæði á grundvelli byggingarreglugerðar og einnig þeim kröfum sem vinnueftirlitið setur honum.



Í gildi er reglugerð um hávaða nr. 724/2008 sem hefur það að markmiði að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum af völdum hávaða. Reglugerðin gildir fullum fetum fyrir verklegar framkvæmdir og ber mönnum skylda til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspíllandi hávaða og takmarka ónæði.

Sérstök ákvæði gilda um tilkynningarskyldu í byggð. Háværar framkvæmdir (byggingar, gröftur, sprengingar og gatnagerð) á íbúðasvæðum eða í nágrenni þeirra, við skóla og dvalarrými þjónustustofnana og hjúkrunarstofnana skal framkvæmdaaðili kynna fyrir íbúum nærliggjandi svæða, þ.e. fyrirhugaðar framkvæmdir, umfang þeirra o.fl. Sérstaklega þarf að greina frá tímasetningum þeirra athafna sem eru sérstaklega til þess fallnar að valda ónæði, s.s. meitlun og sprengingar.

Telji eigandi fasteignar að Reykjavíkurborg hafi með samþykkt skipulagsáætlunar valdið honum tjóni þá er vakin athygli á 51. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 þar sem er kveðið svo á um að valdi gildistaka skipulagsáætlana því að verðmæti fasteignar lækkar, nýtingarmöguleikar hennar skerðast frá því sem áður var heimilt eða að hún rýrnar svo að hún nýtist ekki til sömu nota og áður og á þá sé sem sýnt getur fram á að hann verði fyrir tjóni af þessum sökum rétt á bótum úr sveitarsjóði eða að sveitarsjóður leysi fasteignina til sín. Verðmæti fasteignarinnar verða að skerðast meira heldur en almennt gerist á skipulagssvæðinu. Kröfu um bætur skal beint að sveitafélaginu sem tekur afstöðu til kröfunnar þegar og ef hún berst.



Skýringarmyndir með tillögu



Borhola Veitna

Veitur vekja athygli á núverandi borholu (mæliholu) H-16 sem staðsett er innan núverandi byggingarreits. Nauðsynlegt sé að tryggja aðgengi að holunni til mælinga í framtíðinni. Varðandi útfærslu á aðkomu og frágangi umhverfis borholuna þurfi að hafa samráð við Veitur.

Svar skipulagsfulltrúa

Skipulagsfulltrúi og löðrarhafi hafa átt í samtali við Veitur um framtíð mæliholunnar. Í kjölfar auglýsingar framkvæmdu Veitur mælingar til þess að meta það hvort nauðsynlegt væri að halda holunni og niðurstaða Veitna er sú að loka megi holunni. Skilmálar hafa verið uppfærðir m.t.t. þessa og í kaflanum *Veitur* segir nú:

Innan byggingarreits er borhola (mæliholu) H 16. Veitur telja að mæliholan H-16 sé ekki nauðsynleg lengur, þar sem aðrar holur á Laugarnesi henta betur til eftirlits með jarðhitakerfinu. Fyrirtækið afsalar sér því holunni til löðrarhafa, sem ber alla ábyrgð á frágangi og hugsanlegu tjóni vegna hennar.

Niðurstaða

Lagt er til að tillagan verði samþykkt eins og hún er sett fram á uppdráttum THG arkitekta dags 3. desember 2024 **og síðast breytt 14. apríl 2025.**

Tillagan er óbreytt frá auglýsingu að undanskilinni breytingu á skilmálatexta varðandi borholu Veitna sbr. framangreint.

F.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Sólveig Sigurðardóttir
arkitekt / verkefnastjóri